

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Dalasýslu um flutning þingstaðar. **73**
4. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 10. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Miðdalahreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Stóraskógi á Nesodda í Fremra-Hundadalslandi við Sauðafellsland, enda annist hreppsnefndin að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um að Miklagarðskirkja í Eyjafjarðarprófastsdæmi leggist niður. **74**
10 nóv

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og ályktun hjeradsfundar í Eyjafjarðarprófastsdæmi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi dags. 31. f. m., leyfi til að Miklagarðskirkja í Eyjafjarðarprófastdæmi leggist niður þannig að kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instrumentis svo og með „portio“ kirkjunnar eins og hún var í ársbyrjun 1921, verði eign Saurbæjarkirkju, að Miklagarðssókn sameinist Saurbæjarsókn og allar tekjur Miklagarðskirkju gangi framvegis til Saurbæjarkirkju.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.